

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996 - 2015, Geiteyjarströnd.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 22. maí 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2015 frá 31. desember 1997.

Breytingin felst í því að að gert er ráð fyrir 4.500 m² íbúðarsvæði á jörðinni Geiteyjarströnd.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Samþykki sveitarstjórnar Skútustaðahrepps og Náttúruverndar ríkisins, sbr. lög nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, liggur fyrir og Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 22. maí 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.